

Lausafjártrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



SKILMÁLI E-42

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínun síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskirteini.

Hvernig trygging er Lausafjártrygging?

Lausafjártrygging er samsett váttrygging sem inniheldur brunatryggingu, en til viðbótar eru valkvæðar tryggingar gegn viðbótariðgjaldi. Almenn ákvæði skilmálans gilda fyrir alla þætti trygginganna.

Tryggingunni er fyrst og fremst ætlað að veita vernd gagnvart innbúi, húsmunum, skrifstofubúnaði, hráefni, hálfunnum og fullunnum vörum, umbúðum, vélum, tækjum og varahlutum.



Hvað bætir tryggingin?

Brunatrygging:

- ✓ Tjón vegna eldsvoða.
- ✓ Tjón vegna eldingar.
- ✓ Tjón vegna gassprengingar svo sem gassprenginga við eldunartæki.
- ✓ Tjón vegna sótfalls.
- ✓ Kostnað tengdan björgunar- og slökkvistarfi.

Vatnstjónstrygging (valkvæð trygging):

- ✓ Tjón af völdum vatns, gufu eða olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útvegga fasteignar og sökkuls hennar.
- ✓ Tjón af völdum vatns af völdum skyndilegrar úrhellisrígningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku) nær ekki að streyma í niðurföll og flæðir inn í húsnæði váttryggðs.

Innbortstrygging (valkvæð trygging):

- ✓ Þjófnað og skemmda á váttryggðum munum við innbrot.
- ✓ Tjón á húsnæði sem hlýst af innbroti.
- ✓ Tjón vegna ráns á váttryggingarstað eða í flutningi innanlands
- ✓ Tjón vegna þjófnaðar úr læstum sýningarskápum eða kössum innanhús á sýningarstað.
- ✓ Fok- og óveðurstrygging (valkvæð trygging):
- ✓ Tjón á húsi eða húshluta vegna óveðurs þegar vindur mælist yfir 28,5 m/s



Hvað bætir tryggingin ekki?

Brunatrygging:

- ✗ Tjón á rafmagnstækjum sem orsakast af eldingu, skammtíma eða örðu rafmagnsfræðilegu fyrirbæri, nema af því leiði eldsvoði eða sé afleiðing eldsvoða.
- ✗ Tjón sem verða vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- ✗ Tjón vegna sóts sem safnast hefur fyrir smám saman við notkun kynditækja.

Vatnstjónstrygging (valkvæð trygging):

- ✗ Tjón sem orsakast af langvarandi raka eða vökvasmitun.
- ✗ Tjón vegna flóða frá sjó, stöðuvötnum, ám eða lækjum.
- ✗ Tjón sem orsakast af niðurbrotum vökva úr handilátum.
- ✗ Tjón vegna myglu eða sveppgróðurs.

Innbrotstrygging (valkvæð trygging):

- ✗ Tjón á rúðum og póstkössum
- ✗ Tjón sem verður vegna innbrota eða tilrauna til þeirra af hendi heimilisfólks eða starfsfólki váttryggingartaka.
- ✗ Tjón á sjálfsöllum utanhúss eða þjófnaðar úr þeim.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Vátryggðum ber að sjá um að umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á.
- ! Dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlaus.
- ! Vátryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og slökkviliðum.
- ! Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- ! Vörubirgðir í kjöllumur skulu geymdar á vörugrind eða palli og enn fremur verður að vera niðurfall í geymslurýminu.



Hvar gildir tryggingin

Tryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er á vátryggingarskírteini.



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.
- Ef um innbrot er að ræða skal tilkynna til lögreglu, skilyrði fyrir greiðsluskyldu að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínun síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst vátryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.